

# Hringiflutningur

13.01.2025

Með hringiflutningi getur þú áframsent símtöl úr einu símanúmeri í annað.

## Tegundir hringiflutnings

Þú getur stillt hringiflutning til að áframsenda símtölin þín í mismunandi kringumstæðum eftir hvað hentar hverju sinni.

### Síma ekki svarað

Áframsendir símtöl þegar símanum þínum er ekki svarað eftir ákveðinn fjölda hringinga.

### Sími á tali

Áframsendir símtöl á meðan síminn þinn er á tali.

### Slökkt á síma eða utan þjónustuvæðis

Þessi stilling er aðeins í boði fyrir farsíma og áframsendir öll símtöl á meðan síminn er ekki í sambandi við farsímakerfið.

### Flytja öll símtöl

Áframsendir öll símtöl um leið og hringt er.

## Hvað kostar hringiflutningur?

Þegar símtal ef áframsent með hringiflutningi eiga í raun tvö símtöl sér stað. Þau sem hringja greiða fyrir símtalið í símann þinn, en þú greiðir svo fyrir símtal úr símanum þínum í símann sem símtalið er áframsent í.

Fyrir hringiflutning úr **heimasíma** er seinna símtalið greitt samkvæmt [verðskrá hringiflutnings](#).

Fyrir hringiflutning úr **farsíma** er greitt hefðbundið mínútugjald fyrir seinna símtalið, hvort sem það er innanlands eða utan. Hringiflutningur innanlands er því ókeypis ef þú ert í áskrift með endalausum mínútum!



### Ertu að fara til útlanda?

Áframsend símtöl í landi utan EES eru greidd sem millilandasímtal, jafnvel þó símtalið sé áframsent í Talhólf.

Við mælum því með að slökka á öllum hringiflutningi þegar þú ferðast erlendis.

## Stilla hringiflutning í heimasíma

Þú getur virkjað hringiflutning í heimasíma með því að hringja í þjónustunúmer úr símanum sem á að áframsenda símtöl.

Stimplaðu inn viðeigandi þjónustunúmer og hringdu í það, rétt eins og um venjulegt símanúmer væri að ræða.

Athugaðu að í stað "[símanúmer]" skaltu setja símanúmerið sem á að áframsenda símtölin í.

Tegund hringiflutnings	Virkja	Afvirkja
Síma ekki svarað	*61* [símanúmer] #	#61#

Sími utan þjónustuvæðis eða slökkt á honum	*62* [símanúmer] #	#62#
Sími á tali	*67* [símanúmer] #	#67#
Flytja öll símtöl	*21* [símanúmer] #	#21#
Afvirka allan hringiflutning		#002#



#### Hringiflutningsáskrift

Ef þú vilt áframsenda öll símtöl úr heimasíma mælum við með Hringiflutningsáskrift. Þá greiðir þú fast mánaðargjald og allur hringiflutningur er innifalinn!

## Stilla hringiflutning í farsíma

Þú getur virkjað hringiflutning fyrir farsíma á þjónustuvefnum, í Símaappinu eða með því að hringja í þjónustunúmer úr símanum sem á að áframsenda símtöl.



#### Ertu að setja upp Talhólf?

Til að flytja símtölin þín í Talhólf skaltu áframsenda þau í síma **880 0100**.

## Stilla í Símaappinu

Þú getur stillt hringiflutning með nokkrum smellum í Símaappinu:

- Veldu símanúmerið sem þú vilt áframsenda símtöl úr í aðalvalmyndinni.
- Opnaðu **Hringiflutningur** flokkinn undir *Aukaþjónusta* neðarlega á skjánum.
- Hakaðu við þá tegund hringiflutnings sem þú vilt virkja.
- Sláðu inn símanúmer til að áframsenda á og ýttu á **Staðfesta**.
- Smelltu á **Staðfesta breytingar** neðst á skjánum.

## Stilla á þjónustuvefnum

Á **þjónustuvefnum** finnur þú viðmót til að stilla allar tegundir hringiflutnings á einu bretti. Skrefin til að stilla hringiflutning eru aðeins frábrugðin eftir því hvernig farsímaáskrift þú ert með.

Ef þú ert með **Áskrift** eða **Fyrirtækjaáskrift**:

- Smelltu á **Sími** efst á skjánum og veldu **Áskrift og þjónustur** undir *GSM Áskrift* eða [smelltu hér](#).
- Smelltu á **Sýna allar þjónustur** undir *Þjónustur í boði*.
- Hakaðu við tegundir hringiflutnings sem þú vilt virkja.
- Sláðu inn símanúmerið sem þú vilt áframsenda símtölin í.
- Ýttu á **Vista** neðst á skjánum.

Ef þú ert með **Frelsi**, **Krakkakort** eða **Þrennu**:

- Smelltu á **Sími** efst á skjánum og veldu **Sérþjónusta** undir *GSM Frelsi* eða [smelltu hér](#).
- Hakaðu við tegundir hringiflutnings sem þú vilt virkja.
- Sláðu inn símanúmerið sem þú vilt áframsenda símtölin í.
- Ýttu á **Staðfesta hringiflutninga**.

## Stilla með þjónustunúmeri

Stimplaðu inn viðeigandi þjónustunúmer og hringdu í það, rétt eins og um venjulegt símanúmer væri að ræða.

Athugaðu að í stað "[símanúmer]" skaltu setja símanúmerið sem á að áframsenda símtölin í.

Tegund hringiflutnings	Virkja	Afvirkja
Síma ekki svarað	*61* [símanúmer] #	#61#
Sími utan þjónustusvæðis eða slökkt á honum	*62* [símanúmer] #	#62#
Sími á tali	*67* [símanúmer] #	#67#
Flytja öll símtöl	*21* [símanúmer] #	#21#
Afvirkja allan hringiflutning		#002#

---